



Véla- og rafeindatækjategygging

Skilmáli nr. EV10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EV10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Véla- og rafeindatækjategygging tryggir tækin sjálf en ekki búnað sem skipt er um í reglulegu viðhaldi.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Vél og/eða rafeindatæki sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun er tryggt eftir að hafa verið uppsett að fullu og tilbúið til notkunar.
- 1.2 Eftir að tryggða hefur verið uppsett að fullu gildir tryggingin þó hvort sem hinir tryggðu munir eru í notkun eða ekki, sundurteknir vegna hreinsunar eða viðgerðar eða í endursamsetningu.
- 1.3 Tryggingin tekur ekki til:
 - a) Hvers konar tækja sem ætlast er til að skipt sé um reglulega, svo sem bora, mulningstækja, steypumóta, hnífa, sagarblaða, slípisteina og stansa.
 - b) Færibanda, sigta og slangna, gúmmi-, tau- og plastfóðringa og strimla, bursta og hjólbarða, reipa, keðja og belta, hluta úr gleri, postulíni eða leir.
 - c) Undirstaðna, múrsteinsklæðninga í eldholum, ofnum og ílátum, eldrista, brennarastúta.
 - d) Eldsneytis, sía, kælimiðla, hreinsiefna, smurningar, olíu.
 - e) Hvata, kemískra efna, blöndunarefna.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi tryggðra muna er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir tjón á tryggða vegna:
 - a) Sóts, offhitnunar, sviðnunar og bráðnunar án þess að eldur verði laus.
 - b) Skammhlaups, of hárrar rafspennu eða of mikils rafstraums og bilana í veitukerfi rafveitu, nema orsakir séu atvik sem undanþegin eru samkvæmt a-lið gr. 5.1.
 - c) Óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu tryggða af völdum úrkomu samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.
 - d) Skemmdarverka.
 - e) Ógætilegrar meðferðar starfsmanna eða viðskiptavina. Rangrar notkunar, kunnáttuleysis, vanrækslu eða ásetnings starfsmanna, með fyrirvara um gáleysis- og/eða ásetningsverknað sem fram kemur í e-lið gr. 5.1.
 - f) Flutnings innanhúss og milli staða innan sama fyrirtækis, þó ekki ef flutningsaðili ber ábyrgð á tjóninu eftir lögum eða samningi.



- g) Vatns eða vökva sem hellist niður eða lekur á hið tryggða.
- h) Tilfallandi vinnsluóhoppa svo sem þegar:
 - Vél eða búnaður sem tilheyrir vél er vanstilltur.
 - Hlífðarbúnaður bilar eða reynist gallaður.
 - Hlutir losna eða aðskotahlutir komast í vélna.
- i) Þess að hlutir breyta vegna miðflóttakrafts.
- j) Vatnsskorts í gufukötlum eða þrýstikerjum.
- k) Yfir- eða undirþrýstings, nema atvik valdi sem eru undanskilin samkvæmt a-lið gr. 5.1.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 5.1 Tryggingin bætir ekki tjón á tryggða:
- a) Af völdum eldsvoða, sprengingar, eldingar, eða beint eða óbeint tjón af völdum slökkvistarfs, niðurbrots, sundurtektar eða hreinsunar rústa.
 - b) Sem ábyrgð seljanda eða framleiðanda nær til samkvæmt lögum eða gerðum samningi.
 - c) Vegna ryðmyndunar, tæringar, rýrnunar eða slits vegna eðlilegrar notkunar eða annarra samfelldra áhrifa frá efnunum eða andrúmslofti, óæskilegrar uppsöfnunar ryðs, leðju, ketilsteins eða annarra útfellinga.
 - d) Vegna galla eða rangrar samsetningar.
 - e) Vegna bilunar, vegna prófunar, vegna of mikils álags af ásettu ráði, eða vegna tilrauna sem fela í sér óeðlileg vinnslukilyrði fyrir tryggða.
 - f) Vegna tjóns á hugbúnaði.
 - g) Vegna innri bilana rafeindatækja.
 - h) Vegna þjófnaðar eða innbrots.
- 5.2 Tryggingin bætir hvorki óbein né afleiðd tjón.
- 5.3 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Tryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins tryggða.
- 6.2 Tryggður skal sjá um að allur umbúnaður á tryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum, allt eftir því sem við á á hverjum stað.

7. Háttsemi annarra

- 7.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.¹
- 7.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs eða umsjónaraðila einstakra muna eða tækja.

8. Breyting á áhættu

- 8.1 Tryggður skal tilkynna VÍS verði breyting á þeirri áhættu sem tryggð er, s.s:
- a) Aukning á upphaflegri áhættu.
 - b) Hvers konar breytingar á og viðbætur við hinn tryggða hlut.
 - c) Fráhvarf frá fyrirfram ákveðnu vinnufyrirkomulagi sem veldur því að hætta á tjóni eða skemmdum eykst.
 - d) Breytingar á hagsmunum tryggingartaka eða tryggðs, svo sem ef fyrirtækið stöðvar rekstur, hættir eða er tekið til gjaldprotaskipta.
- 8.2 Vanræksla á tilkynningu um ofangreind atriði getur leitt til þess að VÍS sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.²

9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 9.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS. Ef slík viðgerð leiðir til aukningar á verðmæti tryggða lækka tjónabæturnar sem verðmæta- aukningunni nemur. VÍS greiðir einnig kostnað við sundurtekt og enduruppbyggingu vegna viðgerðar, svo og eðlilegt flutningsgjald, tola og önnur gjöld, ef einhver eru. Fari viðgerð fram á verkstæði í eigu tryggðs greiðir VÍS efniskostnað og laun vegna viðgerðarinnar, auk eðlilegs stjórnunarkostnaðar. Frá tjónabótum skal draga verðmæti endurnýtanlegra hluta. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við hlutinn.
- 9.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS,

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

¹ Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

² Sbr. 24. og 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. VÍS greiðir tryggingarverðmæti hlutarins eins og það var þegar tjónið varð. Tryggingarverðmæti er talið verð nýrrar vélar eða tækis að viðbættum flutningskostnaði, uppsetningu og tollum, en að frádregnum eðlilegum afskriftum. VÍS greiðir einnig eðlilegan kostnað við að fjarlægja tryggða vél eða tæki sem skemmst hefur, en ávallt skal draga frá verðmæti þeirra hluta sem unnt er að endurnýta. Hafi bætur verið greiddar samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

- 9.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 9.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.
- 9.6 Kostnaður við viðhald, breytingar, viðbætur eða endurbætur sem framkvæmdar eru samtímis viðgerðinni greiðist ekki.
- 9.7 VÍS greiðir kostnað af bráðabirgðaviðgerð ef slík viðgerð er hluti af endanlegri viðgerð og eykur ekki heildarviðgerðarkostnaðinn.
- 9.8 Bótaskylda VÍS fyrir sérhverja vél eða tæki skal aldrei nema hærri upphæð en tryggingarfjárhæðinni á hverju tryggingartímabili.
- 9.9 Sérstakur kostnaður, svo sem vegna yfirvinnu, hraðsendinga og flugfraktar, sem stofnað er til vegna tjónsatburðar, bætist ekki nema þess sé sérstaklega getið í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

10. Framsal

- 10.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.